

## Efnistökusvæði í Sandártungu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 14. júní 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða efnistöku í Sandártungu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Lands og skóga, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Efnistökusvæði í Sandártungu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Matsskyldufyrirspurn. Vegagerðin – Efla verkfræðistofa. Júní 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Skeiða- og Gnúpverjahreppi dags. 23. ágúst 2024,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 8. júlí 2024,
- Minjastofnun Íslands dags. 10. júlí 2024,
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 5. júlí 2024.

Ekki bárust umsagnir frá Landi- og skógum og Umhverfisstofnun.

Svör bárust frá Vegagerðinni dags. 8. október 2024.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í efnistöku á allt að 200.000 m<sup>3</sup> af efni á um 4 ha svæði í Sandártungu í Þjórsárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnur samhliða að breytingu á Aðalskipulagi sveitarfélagsins 2017-2029 þar sem hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis er breytt í efnistökusvæði. Vegagerðina mun nýta 150.000 m<sup>3</sup> til vegagerðar og bakkavarna vegna vegagerðar í Þjórsárdal, en aðrir 50.000 m<sup>3</sup> eru áætlaðir í önnur verkefni á vegum sveitarfélagsins.

Efnisvinnslu verður þannig háttað að yfirborðsefni verður ýtt til hliðar. Þar undir er að finna berg sem verður sprengt, malað og flutt af svæðinu. Áætla má að þykkt vinnslulags verði um 4-7 m.

Gengið verður frá efnistökusvæðinu að lokinni efnistöku. Fláar efnistökusvæðisins verða mótaðir aflíðandi, jarðvegi og yfirborðsefni sem ýtt var til hliðar verður jafnað aftur yfir svæðið eins og hægt er og notað til að móta yfirborð. Að lokum verður gróðursett með sambærilegum tegundum og eru umhverfis svæðið.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir við Þjórsárdalsveg sumarið 2025, og að vinna við efnisvinnslu geti hafist vor/sumar 2026. Akstur á efni verður frá sumrinu 2026 og fram á vorið 2027.



## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

### Áhrif á landslag, ásýnd og jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að skv. kortlagningu landslagsgerða sem unnin hafi verið á landsvísu árið 2020 flokkist efnistökusvæðið sem gróið undirlendi sem einkennist af flötu eða öldóttu landi. Landslagsgerðin sé við jaðar hálendis. Sjónlengdir séu langar en í bakgrunni sjást fjöll og jöklar. Á fyrirhuguðu efnistökusvæði verði nútímahraun, Búrfellshraun, fyrir varanlegum áhrifum í kjölfar efnistöku í Sandártungu. Áhrifin verði bein og óafturkræf, en fyrirhugað efnistökusvæði er staðsett við jaðar hraunsins og hraunþekjan um 144 km<sup>2</sup> og því afar lítill hluti af allri hraunbreiðunni sem komi til með að raskast varanlega. Hraunið hafi jafnframt tapað verndargildi sínu þar sem það sé hulið jarðvegi að mestu og sést ekki lengur; því séu áhrifin metin óverulega neikvæð. Efnistaka mun hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag og ásýnd í allra næsta nágrenni á meðan efnistöku standi, þar séu þó afar fáir á ferli og eftir frágang á svæðinu mun framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á landslagið. Auk þess er efnistökusvæðið niðurgrafið og trjágróður hylur sýn frá Þjórsárdalsvegi. Nýting efnistökusvæðis komi ekki í veg fyrir að svæðið verði seinna nýtt undir landgræðslu og skógrækt.

### Áhrif á vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði búi ekki yfir fjölbreyttum vistgerðum en alaskalúpína þeki nær allt svæðið. Á hluta efnistökusvæðisins sé einnig stunduð skógrækt. Vistgerðir á svæðinu hafi ekki verndargildi og séu algengar á landsvísu. Lögð verði áhersla á frágang að efnistöku lokinni og verður leitast við að koma svæðinu aftur til sama horfs og fyrir efnistöku. Að framansögðu eru áhrif á vistgerðir og fuglalíf metin óveruleg þar sem þau séu að miklu leyti tímabundin og afturkræf og svæðið verði grætt upp á sambærilegan hátt að framkvæmdum loknum.

### Áhrif á fornminjar og verndarsvæði

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé í Þjórsárdal en þar hafi farið fram könnun með tilliti til fornleifa sumrin 2018 og 2019. Þrjár friðlýstar fornleifar séu að finna í grennd við fyrirhugað efnistökusvæði og hafi svæðið verið afmarkað m.t.t. friðhelgaðs svæðis þessara fornleifa. Ákvörðun um tilhögun framkvæmda og mögulegar mótvægisáðgerðir gagnvart fornleifum verður tekin í samráði við Minjastofnun. Efnistakan sé í jaðri svæðis sem sé verndað vegna menningarlandslags og mun hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að árið 2020 hafi friðlýsing menningarlandslags í Þjórsárdal verið staðfest af ráðherra, þar sem í fyrsta skipti á Íslandi sé stórt svæði þar sem margar merkar minjar sé að finna friðlýst. Minjarnar og umhverfi þeirra myndi hið friðlýsta menningarlandslag sem búið sé að afmarka og hnitsetja. Vekur stofnunin athygli á að upphaflega hafi stofnunin lagt til við framkvæmdaraðila að náman yrði staðsett vestan við Sandá, utan hins friðlýsta menningarlandslags en hins vegar fallist á efnistöku austan Sandár, innan hins friðlýsta menningarlandslags, með skilyrðum um að fornleifafræðingur sem þekkir svæðið verði fenginn til að ganga fyrirhugað framkvæmdasvæði og skrá minjar ef finnast. Að lega efnistökusvæðisins verði hönnuð m.t.t. minja sem nú séu þekktar. Ef fleiri minjar finnast við ítarskráningu þarf eðlilega að taka tillit til þeirra. Við könnun fornleifafræðings á svæðinu hafi fundist tvær áður óþekktar fornleifar. Minjastofnun vekur athygli á því að þessar nýfundnu fornleifar njóti sama réttis og aðrar fornleifar innan hins friðlýsta menningarlandslags. Gera þurfi ráðstafanir til að hinar nýfundnu fornleifar raskist ekki vegna efnistökkunnar. Færa þarf mörk efnistökusvæðisins fjær fornleifunum og girða þær af á meðan efnistökkunni standi til að koma í veg fyrir að fornleifarnar raskist af vangá. Hafa þurfi samráð við minjavörð Suðurlands um nýja afmörkun efnistökusvæðisins á þessum



stöðum og um uppsetningu girðingar þeim til varnar. Bendir stofnunin einnig á ákvæði laga um menningarminjar, komi til þess að ókunnar fornminjar finnast eða framkvæmdaraðili telji að raska verði þeim minjum sem séu á áhrifa svæði framkvæmdarinnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði eftir fyrirmælum Minjastofnunar og fornleifarnar tvær girtar af á meðan á efnistökkunni standi til að koma í veg fyrir að þær raskist.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að Búrfellshraun hafi runnið á nútíma og njóti sérstakrar verndar skv. ákvæðum náttúruverndarlaga. Ekki sé æskilegt að opna ný efnistökusvæði innan friðlýstra svæða og nýtt efnistökusvæðið í Sandártungu samræmist ekki friðlýsingaskilmálum um menningarlandslag í Þjórsárdal. Allmargar opnar bergnámur séu í Þjórsárhrauni sem hægt væri að nýta ef vilji væri fyrir því að standa vörð um friðlýst menningarlandslag Þjórsárdals. Í gögnum framkvæmdaraðila komi fram að tvö önnur svæði hafi komið til greina en þau hafi ekki verið jafn heppileg. Ekki komi fram hver þau svæði séu en að mati Náttúrufræðistofnunar sé nauðsynlegt að bera saman fleiri staðsetningar fyrir efnistökkuna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að alls hafi átta svæði verið skoðuð. Efnisgæði flestra efnistökusvæða uppfylla ekki efniskröfur fyrir burðar- og styrktarlög. Efnistökusvæðið sé á skipulögðu land- og skógræktarsvæði og einkennist af skógrækt og lúpínu. Að efnistöku lokinni verður aftur plantað trjám og svæðið grætt upp, ásýndin verður því mjög sambærileg og áður og áhrifin á menningarlandslag svæðisins séu því hverfandi til framtíðar.

#### **Áhrif á hljóðvist og loftgæði**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að nokkur hávaði fylgi efnistökusvæðum en hávaði berist m.a. frá stórvirkum vinnuvélum, sprengingum og malarbrjótum á svæðinu. Slíkum framkvæmdum geti einnig fylgt svifryk, en smáar rykagnir geta borist með lofti, sérstaklega á löngum þurrkatímum. Ríkjandi vindáttir ættu ekki að bera svifryk að nálægðri frístundabyggð og áhrif efnistökkunnar á loftgæði því talin takmörkuð. Hægt verði að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum svifryks með mótvægisáðgerðum, svo sem að huga að vörnum gegn uppblæstri þegar hvasst sé og þurrt með því að vökva vegi og þrifa bíla og vinnuvélar. Áhrifin séu bein en tímabundin og munu helst vara sumarið 2026 á meðan efnisvinnsla fari fram. Töluvert er um trjágróður á efnistökusvæðinu og kringum það sem dregur úr hávaða vegna efnisvinnslunnar auk þess sem efni verður unnið þannig að niðurgrafin gryfja myndast sem hamlar dreifingu hávaða. Áhrif efnistökkunnar vegna hljóðvistar og rykmengunar séu því metin tímabundin og óveruleg.

#### **Áhrif á útivist og samgöngur**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að tjaldsvæði og frístundabyggð séu í grennd við fyrirhugað efnistökusvæði. Jafnframt sé Þjórsárdalsskógur í um 1 km fjarlægð frá fyrirhuguðu efnistökusvæði og sé skógurinn vinsæll útivistarstaður. Hávaði, svifryk og möguleg ásýndaráhrif af efnistökkunni á meðan efnisvinnslunni standi getur skert upplifun ferðamanna og annarra aðila sem gista á tjaldsvæðinu eða í frístundabyggðinni eða eiga leið hjá en ekki er talið líklegt að þessi áhrif munu gæta inn í skóg í Þjórsárdal. Möguleg áhrif séu tímabundin og munu einungis vara á meðan efnistöku standi. Áhrif á útivist séu því metin óveruleg.

Fram kemur að framkvæmdarsvæðið standi við Þjórsárdalsveg sem sé með bundnu slitlagi. Á meðan efnistaka og framkvæmdir á Þjórsárdalsvegi standa yfir verða áhrif á talsverð neikvæð vegna aukinnar umferðar efnisflutningabifreiða og truflunar við vegagerð.

## **5 Skipulag og leyfi**

Fyrirhuguð framkvæmd er í ósamræmi við Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, en unnið er að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem nýtt efnistökusvæði verður skilgreint.



Skipulagsstofnun bendir á að afmörkun efnistökusvæðisins skv. tilkynningargögnum Vegagerðarinnar er ekki í samræmi við tillögu að breytingum á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem barst Skipulagsstofnun dags. 6. september 2024.

Fyrirhuguð framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er einnig háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skv. reglugerðum um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir og um hollustuhætti.

Finnist forminjar á svæðinu eða verði nauðsynlegt að raska fornminjum ber framkvæmdaraðila að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands og fá samþykki fyrir því skv. lögum um menningarminjar.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða efnistöku á allt að 200.000 m<sup>3</sup> af efni á um 4 ha svæði í Sandártungu í Þjórsárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingar náttúruauðlinda og mengun sem varða framkvæmdina, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla efnistöku á grjóti og vinnslu þess sem mun raska hrauni sem fellur undir ákvæði laga um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Samkvæmt því ber að forðast röskun þeirra nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Lögð er áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila um að hraunið hafi að nokkru leyti misst verndargildi sitt þar sem um er að ræða hraun sem er þakið jarðvegi að öllu leyti. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verða staðbundin og óafturkræf á jarðmyndunina Búrfellshraun. Skipulagsstofnun telur brýnt að í framkvæmdaleyfi verði kveðið á um frágang þannig að ummerki verði í lágmarki og verndargildi svæðisins rýrni ekki umfram það sem lagt er upp með. Gera má ráð fyrir að efnistökusvæðið verði lítt áberandi frá Þjórsárdalsvegi og sjónræn áhrif því takmörkuð.

Efnistökusvæðið er innan svæðis í Þjórsárdal sem hefur verið friðlýst sem menningarlandslags, þar sem margar merkar minjar er að finna. Í umsögn Minjastofnunar eru settar fram leiðbeinandi mótvægisáðgerðir sem Skipulagsstofnun telur brýnt að fram komi í útgefnum leyfum, svo ummerki framkvæmdarinnar verði í lágmarki og verndargildi svæðisins rýrni ekki vegna hennar. Efnistökusvæðið hefur að öðru leyti verið afmarkað með tilliti til fornleifa en Minjastofnun fer fram á að samráð verði við minjavörð Suðurlands um tilhögun efnistökkunnar og afmörkun fornleifa þeim til varnar. Framkvæmdin er á áhrifasvæði grunnvatnshlotsins Efri-Þjórsá sem skilgreint er með mikið grunnvatnsstreymi og við straumvatnshlotin Þjórsá 1 og Sandá 1. Í ljósi umfangs og eðli framkvæmdarinnar og þess að starfsemin felur ekki í sér losun efna í jarðveg eða grunnvatn er það



mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin sé ólíkleg til að leiða til þess að ástand grunnvatns- og straumvatnshlotanna versni, en Skipulagsstofnun leggur áherslu að tryggt verði að mengandi efni berist ekki í jarðveg. Skipulagsstofnun minnir á að fyrirnefnd vatnshlot þurfa eftir sem áður að ná umhverfismarkmiðum sínum á grundvelli ákvæða vatnalaga og í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, skv. lögum um stjórn vatnamála. Vistgerðir á svæðinu hafa ekki verndargildi og eru algengar á landsvísu og tegundir fugla á svæðinu eru algengar á Suðurlandi og útbreiddar hér á landi. Í ljósi takmarkaðs umfangs og útbreiðslu viðkomandi vistgerða og fuglalífs á svæðinu, telur Skipulagsstofnun áhrif á fyrirnefnda umhverfisþætti verða óveruleg. Viðbúið er að hávaði berist frá efnistökusvæðinu í einhverju mæli og ryk geti myndast við vinnslu úr námunni, en Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að ónæði vegna hávaða verði í frístundabyggð eða tjaldsvæði, m.a. vegna aðstæðna og fjarlægðar. Þá er ekki líkur til að ryk muni berast yfir fyrirnefnd svæði af sömu ástæðum.

Með hliðsjón af umfangi, eðli og staðsetningu telur Skipulagsstofnun að áhrif af fyrirhugaðri efnistöku verði óafturkræf varðandi jarðmyndanir, en óveruleg á aðra umhverfisþætti en ljóst er að staðbundið mun ásýnd svæðisins taka nokkrum breytingum.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 18. nóvember 2024.

Reykjavík, 18. október 2024

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson

